

## **Tillaga til 485. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 2. desember 2021**

Tillaga frá 571. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, sem fram fór þann 24. nóvember 2021, um að bæjarstjórn staðfesti landamerki milli Hóls í Firði og Vífilsmýra, að Kirkjubóli í Bjarnadal.

### **9. Vífilsmýrar í Önundarfirði. Staðfesting landamerkja - 2021110046**

Óskað er eftir því að Ísafjarðarbær staðfesti landamerki Vífilsmýra að Hóli í Firði og Vífilsmýra að Kirkjubóli í Bjarnadal. Meðfylgjandi eru uppdrættir landamerkjanna og staðfestar yfirlýsingar allra landeigenda á hnitsettum landamörkum.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að staðfesta landamerki milli Hóls í Firði og Vífilsmýra, að Kirkjubóli í Bjarnadal.*